

Úrskurður 12/2005.

Kærðir eru tveir úrskurðir tollstjórans í Reykjavík þar sem hann telur að tiltekin vara uppfylli ekki skilyrði til að fá meðferð sem upprunavara. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og flokkun hans viðurkennd. Ríkistollanefnd staðfesti hina kærðu úrskurði tollstjóra.

Með bréfi, dags. 24. október 2005, sem barst ríkistollanefnd 3. nóvember s.á. kærir L. . f.h. B. úrskurði tollstjóra sem kveðnir voru upp 1. og 20. júní 2005. Um er að ræða alls tuttugu sendingar sem fluttar voru til landsins á árunum 1999- 2000. Tollstjóri telur að upprunayfirlýsingar á vörureikningum séu ekki gildar og tollflokkun vörunnar að hluta til röng og endurákvarðar aðflutningsgjöld af tilteknum 20 sendingum. Kærandi krefst þess að úrskurðirnir verði felldir úr gildi og telur að upprunayfirlýsingar hafi verið fullgildar þegar tollafgreiðsla átti sér stað.

Í kærinni segir m.a. að með bréfi, dags. 11. maí s.l., hafi kæranda verið tjáð að embætti tollstjóra hafi haft til skoðunar tilgreindar tuttugu sendingar og að fyrirhugað væri að úrskurða um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna þeirra. Var innflytjanda gefinn frestur til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum til tollstjóra. Afla þurfti gagna frá erlendum byrgjum og þar sem tollstjóri gaf aðeins 15 daga frest frá póstlagningu bréfsins, þ.e.a.s. til 26. maí s.l. óskaði kærandi eftir frekari fresti til að afla gagna til þess að svara erindinu. Tollstjóri svaraði með tölvupósti, dags. 24. maí s.l., þar sem beiðni um frest var hafnað. Tekið var fram í tölvupóstinum að kæmi til þess að innflytjandi sæi sér síðar fært að leggja fram gögn í málinu, kæmi til skoðunar hvort grundvöllur væri til endurupptöku málsins. Kærandi gerði athugasemdir við þessa málsmeðferð tollstjóra með bréfi, dags. 25. maí s.l., og fór m. a. fram á að afgreiðslu málsins yrði frestað og að umbjóðanda hans yrði veittur tilhlýðilegur frestur til að kynna sér málið, afla gagna og færa fram andmæli.

Tollstjóri hafnaði með bréfi, dags. 1. júní s.l., formlega frekari andmælafresti vegna þriggja af tuttugu sendingum, en féllst á framlengdan andmælafrést vegna annarra sendinga til 10. júní s.l. Þar er einnig áréttað að legði innflytjandi fram gögn á síðari stigum kæmi til skoðunar hvort grundvöllur væri fyrir endurupptöku málsins. Þann 2. júní s.l. barst kæranda úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda áður nefndra þriggja sendinga, dags. 1. júní s.l. Þann 20. júní s.l. barst kæranda svo úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda þeirra sautján sendinga sem eftir stóðu.

Kærandi gerir alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð tollstjóra. Hann telur að í orðum tilvitnaðs tölvupósts komi glögglega fram að tollstjóri hafi í raun ákveðið að úrskurða í málinu á grundvelli gagna sem innflytjandi hafði þá ekki fengið afhent og án þess að veita honum raunhæfan frest til að gera athugasemdir eða færa fram gögn máli sínu til stuðnings. Kæmu slík gögn síðar fram yrði það hins vegar skoðað hvort grundvöllur væri til endurupptöku. Af gögnum málsins megi ráða að mál þetta hafi verið til skoðunar hjá tollstjóra í tæp þrjú ár áður en innflytjanda var tilkynnt um það og þá hafi honum verið gefinn hálfur mánuður til andmæla. Kærandi telur að engin ástæða hafi verið til hinnar skjótu málsmeðferðar tollstjóra. Upprunasönnunum sem tollstjóri krafðist vegna hinna umdeildu sendinga hafi nú verið framvísað. Ennfremur vekur hann athygli á að innflytjandi hafi talið að yfirlýsingar á fyrirliggjandi vörureikningum hafi verið fullnægjandi þegar í upphafi og hafi ávallt verið í góðri trú um að tollskýrslugerð væri unnin á réttan hátt.

Kærandi telur að ástæða þess að töllyfirvöldum lá svo á að úrskurða í málinu sé sú að sex ára frestur 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 til endurákvörðunar hafi verið um það bil að líða. Hann telur að tollstjóri hefði átt að gera athugasemdir strax þegar niðurstöður ítalskra töllyfirvalda lágu fyrir, eða fyrir rétt rúmu einu og hálfu ári síðan.

Seinagangur töllyfirvalda verði ekki réttlættur með vísan til málshraðareglu 9. gr. stjórnáskýslulaga. Frekar sé tilefni til að vísa til rannsóknarreglu 10. gr. sömu laga, þar sem gerð er sú krafa að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Fimmtán daga frestur til andsvara sé engan vegin réttlætunlegur með hliðsjón af hinum mikla drætti málsins hjá tollstjóra og enn síður í ljósi þess að nú hafi verið framvísað upprunasönnunum, sem tollstjóri hafi krafist vegna hinna umdeildu sendinga. Þær hafi verið sendar innflytjanda sama dag og tollstjóri úrskurðaði í síðara skiptið um endurákvörðun

aðflutningsgjalda, þ.e. 20. júní s.l. Kærandi vekur athygli á að frestir til andmæla séu ekki til málamynda eða til að uppfylla formskilyrði, heldur eigi þeir að veita aðila máls færi á að gefa réttar skýringar, upplýsa um atvik og hafa þannig raunveruleg áhrif á niðurstöðu stjórnvalds, áður en endanleg ákvörðun er tekin. Hann telur að fimmtán daga frestur sem umbjóðanda sínum var gefinn til að kynna sér þetta mál og afla gagna að utan geti ekki á nokkurn hátt talist fullnægjandi í þessum tilgangi. Ennfremur að sá viðbótarfrestur sem veittur var hafi einungis verið til málamynda, þar sem ljóst var þá að ekki tækist að afla fullnægjandi gagna fyrir þann tíma.

Kærandi vekur athygli á að umbjóðanda hans sé umhugað að vera í góðu samstarfi við tolyfirvöld og hafi ávallt leitað leiðsagnar og tilmæla tollstjóra hvað varðar innflutning og útfyllingu tilheyrandi gagna, líkt og raunin var þegar innflutningur hófst á vöru þeirri sem hér er til umfjöllunar. Raunin sé sú að það var fyrir vísbendingu frá tolyfirvöldum að tekin var sú ákvörðun að afla ekki EUR.1 flutningsskírteina heldur láta yfirlýsingu um uppruna á vörureikningum nægja. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við orðalag þessara yfirlýsinga af hálfu tolyfirvalda á þeim tíma sem innflutningur átti sér stað, þrátt fyrir að vörureikningarnir hafi verið sendir með tollskýrslum til tollstjóra.

Þá segir í kærinni að í bréfi ítalskra tolyfirvalda, dags. 17. desember 2003, vegna fyrirspurnar tollstjóra, dags. 20. september 2002, segi orðrétt:

1. „Floridana Orange Juice, Pink Grapefruit Juice, Orange Juice and Pineapple Juice, HS Code No. 2009, couldn't be qualified for preferential treatment under EEC-Island Agreement;
2. Apple Juice, HS Code 2009, met the origin criteria preferential treatment;
3. All other products listed on the invoices in question, had to be classified on HS Code No. 2202, and met the origin criteria preferential treatment."

Í úrskurðum tollstjóra dags. 1. og 20. júní s.l., komi fram að hann telji að ekki sé unnt að líta svo á að þær vörur sem falla undir lið 1 í bréfi ítalskra tolyfirvalda séu upprunavörur í skilningi EES-samningsins. Því geti umræddar vörur ekki notið fríðindameðferðar og greiða beri almennan toll af þeim vörum. Á þetta getur kærandi ekki fallist.

Kærandi telur að ítölsk tolyfirvöld hafi staðfest að unnt væri að heimila fríðindameðferð á þeim vörum sem taldar eru upp í liðum 2 og 3. Tollstjóri telji þó einungis unnt að heimila fríðindameðferð á umræddum vörum ef framvísað væri til embættisins fullnægjandi upprunasönnunum að hans mati, sbr. IV. viðauka bókunar 4 við EES-samninginn. Umbjóðanda kæranda tókst ekki að afla umræddra upprunasannana í tæka tíð fyrir hinn skamma frest sem honum var gefinn og úrskurðaði tollstjóri því að almennan toll þyrfti að greiða af öllum vörum í sendingunum. Kærandi kveðst hafa fengið bréf, dags. 20. júní s.l., frá Chiquita Italia S.p.A. Í bréfi þessu lýsir ítalska fyrirtækið því yfir að vörur í sendingum þeim sem athugasemd tollstjóra í bréfi, dags. 11. maí s.l., tekur til, teljist upprunavörur samkvæmt EES-samningnum. "Nánar tiltekið segir í bréfi þessu:

„Chiquita Italian spa, exporter on the products; (...) covered by the following invoices (...) declares that the above mentioned items are of EEA preferential origin," bréfið fylgir í kærugögnum. Kærandi telur að með framangreindri yfirlýsingu ítalska fyrirtækisins, hafi yfirlýsingar á fyrirliggjandi vörureikningum verið lagfærðar til samræmis við kröfur tollstjóra og orðalag þeirra því í samræmi við IV. viðauka við bókun 4 við EES-samninginn. Ítrekaður er sá skilningur innflytjanda vörunnar að fullnægjandi yfirlýsingar hafi legið fyrir þegar í upphafi. Ennfremur, með framlagningu framangreinds bréfs, hafi verið framvísað þeim upprunasönnunum sem tollstjóri hafi krafist svo unnt væri, að mati tollstjóra, að heimila fríðindameðferð á þeim vörum sem tilgreindar eru í lið 2 og 3 í bréfi ítalskra tolyfirvalda, dags. 17. desember 2003.

Þá segir í kærinni að með bréfi, dags. 30. júní s.l., hafi verið óskað eftir, með vísan til 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, endurupptöku framangreindra úrskurða tollstjóra. Tollstjóri hafi fallist á endurupptöku beggja úrskurða, sbr. bréf hans, dags. 8. júní 2005, þar sem fram væri komið nýtt gagn í málinu sem taka þyrfti afstöðu til, þ.e. yfirlýsing Chiquita Italia S.p.A., dags. 20. júní s.l. Mat tollstjóra var hins vegar að hið nýja gagn í málinu væri ekki til þess fallið að breyta efnislegri niðurstöðu þess.

Vegna rökstuðnings tollstjóra fyrir framangreindri niðurstöðu telur kærandi rétt að taka fram að vegna hinna miklu tafa sem orðið hafa á máli þessu og þess tíma sem nú er liðinn frá innflutningi varanna, treysti seljandi ávaxtasafans Chiquita Italia S.p.A., sér ekki til að afla INT4 upprunayfirlýsinga frá framleiðendum þeirra ávaxta sem ávaxtasafinn er unninn úr. Þegar EUR.1 flutningsskírteini sé samþykkt af erlendum tolyfirvöldum þurfi það að vera byggt á þeim upplýsingum er fram koma í INT4 upprunayfirlýsingu. Ástæða þess að ördugt sé nú

að kalla eftir INT4 upprunayfirlýsingum er að mestu sú að þau fyrirtæki sem hefðu getað gefið út slíkar yfirlýsingar hafa mörg hver hætt starfsemi eða séu nú komin í eigu annarra aðila.

Þá segir í kærinni að með bréfi dags. 7. september s.l., mótmælti kærandi þeirri niðurstöðu tollstjóra að skilyrði 5. mgr. 99. gr. tollalaga séu uppfyllt hvað varðar þær sendingar sem úrskurðir tollstjóra lúta að. Bent var á að innflytjandi teldi að upprunayfirlýsingar á vörureikningum vegna umræddra sendinga hefðu í raun verið fullnægjandi og réttar, þrátt fyrir smávægilega hnökra á orðalagi. Þeim gögnum og upplýsingum sem látin voru í té við tollafgreiðslu hafi þannig ekki verið áfátt og tollstjóri hafi byggt á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda þegar við innflutning. Því hafi ekki verið unnt að byggja endurákvörðun á 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Ennfremur var því hafnað að endurákvörðun aðflutningsgjalda gæti verið byggð á 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga, þar sem tollafgreiðsla umræddra sendinga átti sér ekki stað með EDI afgreiðslu.

Með bréfi tollstjóra, dags. 4. október s.l., var innflytjanda tilkynnt að tollstjóri féllist á það að 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga ætti ekki við í þessu máli. Hins vegar var því hafnað að 1. tl. 5. mgr. 99. gr. ætti ekki við í málinu og tollstjóra hafi því verið heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld fyrrgreindra sendinga sex ár aftur í tímann.

Kærandi mótmælir því að tilvitnuð ákvæði 99. gr. tollalaga í úrskurðum tollstjóra eigi við í þessu máli og telur að upprunayfirlýsingar á vörureikningum hafi verið í raun fullnægjandi þrátt fyrir smávægilega hnökra í orðavali.

Yfirlýsingar á fyrirliggjandi vörureikningum hljóða svo: „The exporter of the products covered by this document (customs authorization no. 009622809/00) declares that except when otherwise clearly indicated, these products are manufactured in the EEC.”

Orðalag yfirlýsingarinnar skv. IV. viðauka við bókun 4 við EES-samninginn ætti hins vegar að vera: „The exporter of the products covered by this document (customs authorization no. 009622809/00) declares that except when otherwise clearly indicated, these products are of EEA preferential origin.”

Kærandi telur að þrátt fyrir að í texta vörureikninganna segi að vörurnar hafi verið „manufactured in the EEC” en ekki að þær séu, „...of EEA preferential origin”, verði að líta til þess að yfirlýsingar þessar séu gefnar af ítölskum framleiðanda vörunnar. Líkt og hefur komið á daginn, eftir að framleiðandanum var bent á villu í framsetningu yfirlýsingarinnar, var um að ræða mistök hjá honum sem fúslega voru leiðrétt án tafar. Fullur vilji stóð því til þess í upphafi að haga yfirlýsingum til samræmis við IV. viðauka við bókun 4 við EES-samninginn. Mistök voru hins vegar gerð við framsetningu textans sökum tungumálaörðugleika og vanþekkingar á nákvæmu orðalagi viðaukans. Kærandi telur því að þeim gögnum og upplýsingum sem látin voru í té við tollafgreiðslu hafi ekki verið áfátt og að tollstjóri hafi byggt á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda þegar við innflutning.

Hvað varðar 60 daga kærufrest úrskurða tollstjóra til ríkistollanefndar áréttar kærandi að úrskurðir tollstjóra voru kveðnir upp annars vegar þann 1. júní og hins vegar þann 20. júní s.l. Með bréfi, dags. 30. júní s.l., var farið fram á endurupptöku úrskurðanna. Með því hafi rofnað lögbundinn 60 daga kærufrestur skv. 102. gr. tollalaga þar til endanleg ákvörðun í málinu var tilkynnt, sbr. 4. mgr. 27. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með bréfi, dags. 4. október s.l., barst undirrituðum frá tollstjóra staðfesting úrskurða um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Kærufrestur skv. 102. gr. tollalaga hélt því áfram að líða þann 4. október s.l. og er því ekki útrunninn.

Að lokum er áréttaði:

(a) Að yfirlýsing um uppruna vara á þeim vörureikningum, sem til úrlausnar eru, var efnislega rétt að því er varðaði aðra vöruliði en appelsínusafa, greipaldinsafa og ananassafa (Floridana Orange Juice, Pink Grapefruit Juice og Pineapple Juice).

(b) Að ítölsk tollyfirvöld hafa staðfest að vörur á þeim vörureikningum, sem til úrlausnar eru, aðrar en appelsínusafi, greipaldinsafi og ananassafi, hafi fullnægt skilyrðum til að teljast upprunavörur.

(c) Að sextíu daga frestur til endurákvörðunar, sem er meginregla samkvæmt 99. gr. tollalaga, var löngu liðinn áður en tollstjóri hóf skoðun á þeim vörureikningum sem hér um ræðir. Undantekningarákvæði 5. mgr. 99. gr. getur ekki átt við þar sem upplýsingar sem látin voru í té við tollafgreiðslu voru fullnægjandi að því er varðaði aðra vöruliði en appelsínusafa, greipaldinsafa og ananassafa, eins og áður er rakið.

Með vísan til alls framangreinds er þess krafist að úrskurðir tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda sem kveðnir voru upp 1. og 20. júní 2005 verði felldir úr gildi.

Eins og fram hefur komið taka hinir tveir kærðu úrskurðir tollstjóra til 20 vörusendinga. Rökstuðningur tollstjóra er að öllu leyti samhljóma í báðum úrskurðunum. Ríkistollanefnd sér ekki ástæður til að rekja þá báða sérstaklega en telur upp helstu atriði úr báðum úrskurðunum í þessum kafla.

Tollflokkun er breytt á nokkrum vörutegundum og gerir kærandi ekki athugasemdir við þær breytingar. Fram kemur í greinargerðum með úrskurðunum að fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins hafi verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Þann 23. maí s.l. hafði lögmaður fyrirtækisins samband við tollstjóra og óskaði eftir framlengingu andmælafrests í máli þessu. Með tölvupósti þann 24. maí var erindinu hafnað að svo komnu máli. Tekið var fram í tölvupóstinum að kæmi til þess að innflytjandi sæi sér síðar fært að leggja fram gögn í málinu þá kæmi til skoðunar hvort grundvöllur væri fyrir endurupptöku málsins. Þann 26. maí s.l. barst embættinu bréf frá lögmanni innflytjanda, þar sem þess var krafist með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 18. gr. að tollstjóri frestaði afgreiðslu á málinu og veitti innflytjanda tilhlýðilegan frest til að kynna sér málið, afla gagna og færa fram andmæli. Þá var einnig með vísan til 15. gr. stjórnsýslulaga krafist þess að innflytjanda yrði þegar veittur aðgangur að öllum gögnum málsins. Andmæli varðandi efnisatriði málsins var ekki að finna í umræddu bréfi. Með bréfi tollstjóra, dags. 1. júní 2005, var hafnað að andmælafrestur vegna sendinga S ARN 02 06 9 DE BRV W022, S ARN 16 06 9 DE BRV W024 og S ARN 30 06 9 DE BRV W032 yrði framlengdur. Andmælafrestur vegna annarra sendinga er getið var um í bréfi embættisins um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 11. maí s.l., var framlengdur til 10. júní 2005. Tollstjóri úrskurðaði um hinar 17 sendingar þann 20. júní og eru þær eftirtaldar:

S HEG 07 07 9 DE BRV W020

S HEG 21 07 9 DE BRV W001

E THR 17 08 9 DE HAM W070

E THR 14 09 9 DE HAM W041

S ARN 06 10 9 DE BRV W004

S ARN 01 12 9 DE BRV W017

S HEG 26 01 0 DE BRV W014

E BRU 21 03 0 DE HAM W075

E BRU 18 04 0 DE HAM W064

S ARN 11 08 9 DE BRV W030

E BRU 07 09 9 DE HAM W058

S JAD 29 09 9 DE BRV W018

E BRU 02 11 9 DE HAM W096

S ARN 29 12 9 DE BRV W019

E THR 29 02 0 DE HAM W096

E BRU 04 04 0 DE HAM W094

E MAD 15 05 0 NL RTM W781

Fram kemur í hinum kærðu úrskurðum að þann 20. september 2002 hafi ítölskum tolyfirvöldum verið sent bréf með fyrirspurn um hvort þau gætu staðfest, að vörur í sendingum þeim sem þessi athugasemd tekur til, teldust upprunavörur samkvæmt EES-samningnum, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum, og ennfremur hvort krafa um fríðindameðferð varanna væri réttmæt. Í svarbréfi þeirra, dagsettu 17. desember 2003, telja tolyfirvöld að upprunayfirlýsingar á vörureikningunum séu ekki gildar. Ljóst virðist að þar eigi þau við að orðalag yfirlýsingarinnar sé ekki rétt.

Yfirlýsingar á fyrirliggjandi vörureikningum hljóða svo; "The exporter of the products covered by this document (customs authorization no. 009622809) declares that except when otherwise clearly indicated, these products are manufactured in the EEC." Rétt orðalag samkvæmt IV. viðauka við bókun 4 við EES-samninginn ætti að vera; "The exporter of the products covered by this document (customs authorization No. ...) declares that, except where otherwise clearly indicated, these products are of EEA preferential origin."

Þá segir í hinum kærðu úrskurðum að þó horft sé fram hjá smávægilegum villum í stafsetningu og orðavali, eins og heimilt sé samkvæmt EES-samningnum, verði að gera athugasemd við orðalag niðurlags yfirlýsingarinnar en þar sé um meira en smávægilega galla að ræða. Reginmunur sé á merkingu þeirra orða sem notuð séu og þeirra sem nota skal samkvæmt EES-samningnum. Verður að telja að vara geti verið "manufactured" innan EES án þess að öðlast EES "preferential origin".

Tollstjóri telur því að orðalag yfirlýsingarinnar sé ekki rétt og því sé ekki unnt að heimila fríðindameðferð á grundvelli hennar. Ítölsk tolyfirvöld staðfestu, í framangreindu svari við fyrirspurn embættisins, hvaða vörur á umræddum reikningum myndu uppfylla skilyrði til fríðindameðferðar og hverjar ekki. Í bréfi þeirra segir orðrétt:

1. "Floridana Orange Juice, Pink Grapefruit Juice, Orange Juice and Pineapple Juice, HS Code No. 2009, couldn't be qualified for the preferential treatment under EES-Island Agreement;

2. Apple Juice, HS Code 2009, met the origin criteria for preferential treatment;

3. All other products listed on the invoices in question, had to be classified on HS Code No. 2202, and met the origin criteria for preferential treatment."

Tollstjóri telur að ekki sé unnt að líta svo á að þær vörur sem falla undir lið 1 í bréfi ítalskra tollyfirvalda séu upprunavörur í skilningi EES-samningsins. Því geti umræddar vörur ekki notið friðindameðferðar og greiða ber almennan toll af þeim vörum.

Tollstjóri vitnar til bréfs, dags. 11. maí s.l., en í því taldi hann að unnt væri að heimila friðindameðferð á vörum sem tilgreindar séu í liðum 2 og 3 í svarbréfi ítalskra tollyfirvalda ef framvísað væri til embættisins fullnægjandi upprunasönnunum, sbr. IV. viðauka bókunar 4 við EES-samninginn fyrir 26. maí 2005. Þeim gögnum var ekki framvísað og því telur tollstjóri ekki unnt að heimila friðindameðferð á umræddum vörum og því verði að greiða almennan toll af öllum vörum í sendingunum.

Hvað varðar tollflokkun þá segir í hinum kærðu úrskurðum að fram komi í lið 3 í bréfi ítalskra tollyfirvalda, dags. 17. desember 2003, að aðrar vörur en þær sem taldar eru upp í 1. og 2. lið svarsins (þ.e. aðrar vörur en Floridana Orange Juice, Pink Grapefruit Juice, Orange Juice, Pineapple Juice og Apple Juice) verði að vera tollflokkaðar undir vöruliðnum 2202 í stað 2209. Munurinn á þessum tollskrárnúmerum er sá að undir vöruliðinn 2202 flokkast vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í númeri 2009. Undir vörulið 2009 flokkast ávaxtasafi (þar með talið þrúgupykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni.

Tollstjóri telur að ítölsk tollyfirvöld hafi við upprunakönnun vara í framangreindum sendingum kynnt sér efni og innihald umræddra vara. Hann telur að sú leiðbeining ítalskra tollyfirvalda um að tollflokka beri vöruna í vörulið 2202 byggji á umræddri skoðun vörunnar. Það er mat tollstjóra að með vísan til 3. liðar bréfs ítalskra tollyfirvalda, dags. 17. desember 2003, og með vísan til túlkunarreglna tollskrárinnar númer 1 og 6 að tollflokka beri aðrar vörur en Floridana Orange Juice, Pink Grapefruit Juice, Orange Juice, Pineapple Juice og Apple Juice, sem fluttar voru inn í framangreindum sendingum í vörulið 2202. Í túlkunarreglu númer 1 segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu númer 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Í hinum kærðu úrskurðum tollstjóra er tilgreint nákvæmlega innihald og lýsing vörunnar. Nefndarmenn sjá ekki ástæðu til að taka það upp í úrskurðinum.

Þá kemur fram í hinum kærðu úrskurðum tollstjóra að ákvörðun um endurákvörðun aðflutningsgjalda byggji á 1. mgr. og 1. tl. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 1. tl. 5. mgr. 99. gr. er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látnu voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki hafi verið unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. Umræddar sendingar voru afgreiddar með EDI afgreiðslu en slík afgreiðsla er sambærileg SMT-tollafgreiðslu. Alls nemur endurákvörðun aðflutningsgjalda í þessum tveimur úrskurðum kr. 8.646.732,00

Kæran var send Tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 3. nóvember 2005 og var embættinu veittur frestur til að skila inn umsögn til 25. s.m. Tollstjóri óskaði eftir lengri fresti og var orðið við þeirri bön og frestur veittur til 12. desember 2005. Umsögn tollstjóra barst nefndinni innan þeirra tímamarka.

Í greinargerð tollstjóra segir m.a. að samkvæmt EES-samningnum sé heimilt að horft sé fram hjá smávægilegum villum í stafsetningu og orðavali. Hins vegar sé reginmunur á merkingu þeirra orða sem notuð séu á yfirlýsingu á framlögðum vöruheikningum og þeirra sem nota skal samkvæmt EES-samningnum. Í niðurlagi yfirlýsinga á vöruheikningum er sagt: „ ... these

products are manufactured in the EEC". Rétt orðalag samkvæmt IV. viðauka við bókun 4 við EES samninginn ætti að vera; „ ... these products are of EEA preferential origin." Verður að telja að vara geti verið framleidd innan EES án þess að teljast upprunavara í skilningi EES samningsins. Tollstjóri telur því að orðalag yfirlýsingarinnar sé ekki rétt og því sé ekki unnt að heimila fríðindameðferð á grundvelli hennar.

Tollstjóri telur að það álit innflytjanda að telja að með yfirlýsingu frá Chiquita Italia S.p.A., dags. 20. júní s.l., hafi yfirlýsingar á fyrirliggjandi vörureikningum verið lagfærðar til samræmis við kröfur tollstjóra og orðalag þeirra sé því í samræmi við IV. viðauka við bókun 4. gr. EES samningsins ekki rétt. Tollstjóri telur að skilyrðum í V. bálki bókunar 4 við EES samninginn sé ekki fullnægt. Almennar kröfur um sönnun uppruna sé að finna í 1. mgr. 15. gr. bókunarinnar. Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi sé að finna í 20. gr. bókunar 4. Auk skilyrðanna um það hverjir og hvernig megi gefa hana út er kveðið á um í 6. mgr. 20. gr. að útflytjandi geti gefið út yfirlýsingu með því skilyrði að hún sé afhent í innflutningslandi eigi síðar en tveimur árum eftir innflutning á þeim framleiðsluvörum sem hún tekur til. Þar sem meira en tvö ár eru síðan þær vörur sem hér um ræðir voru fluttar inn er útilokað að uppfylla þetta skilyrði.

Hvað varðar það álit sem lögmaður innflytjanda hefur haldið fram að innflytjandi hafi við tollafgreiðslu látið tollstjóra í té fullnægjandi upplýsingar og gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á, og því séu skilyrði 1. tl. 5. mgr. 99. gr. ekki uppfyllt segir tollstjóri að í 1. tl. 5. mgr. 99. gr. komi fram að endurávarða megi aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Sérstaklega er tekið fram að ekki skipti í þessu sambandi máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga. Eins og fram kemur í fyrrgreindum úrskurðum reyndust upprunayfirlýsingar á vörureikningum, sem lagðir voru fram með fyrrgreindum sendingum, ekki gildar. Þeim gögnum sem lögð voru fram við tollafgreiðslu var þannig áfátt og því var tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld fyrrgreindra sendinga sex ár aftur í tímann, sbr. 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga.

Að öðru leyti vísar tollstjóri til hinna kærðu úrskurða og krefst staðfestingu þeirra.

Kærandi var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 14. desember s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 23. desember 2005 segir m.a. að greinargerð tollstjórans í Reykjavík gefi ekki tilefni til andsvara þar sem þau sjónarmið sem þar sé lýst af hálfu tollstjóra séu komin fram í málinu. Kærandi vill hins vegar árétta að hann líti svo á að með yfirlýsingu Chiquita Italia S.p.A., dags. 20. júní s.l., hafi yfirlýsingar á fyrirliggjandi vörureikningum verið lagfærðar til samræmis við kröfur tollstjóra, og orðalag þeirra sé í samræmi við IV. viðauka við bókun 4 við EES samninginn. Hann telur að yfirlýsingar á fyrirliggjandi vörureikningum hafi verið fullnægjandi þegar í upphafi. Ennfremur hafi hann, með framlagningu framangreindrar yfirlýsingar, framvísað þeim upprunasönnunum sem tollstjóri krafðist svo unnt væri, að mati tollstjóra, að heimila fríðindameðferð á þeim vörum sem tilgreindar eru í lið 2 og 3 í bréfi ítalskra tollyfirvalda, dags. 17. desember 2003. Vegna hinna miklu tafa er orðið hafa á máli þessu og þess tíma sem nú er liðinn frá innflutningi varanna, treystir seljandi ávaxtasafans, Chiquita Italia S.p.A., sér ekki til að afla INT4 upprunayfirlýsinga frá framleiðendum þeirra ávaxta sem ávaxtasafinn er unninn úr. Þegar EUR.1 flutningsskirteini er samþykkt af erlendum tollyfirvöldum þarf það að vera byggt á þeim upplýsingum er fram koma í INT4 upprunayfirlýsingum. Ástæða þess að örðugt er nú að kalla eftir INT4 upprunayfirlýsingum er að mestu sú að þau fyrirtæki sem hefðu getað gefið út slíkar yfirlýsingar hafa mörg hver hætt starfsemi eða eru nú komin í eigu annarra aðila. Kærandi telur að þrátt fyrir smávægilega hnökra í orðalagi upprunayfirlýsingarinnar gefi það ekki tilefni til beitingar 1. tl. 5. mgr. 99. gr., þ.e. til að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, Hann telur að hafa verði í huga að þrátt fyrir að í texta vörureikninganna segi að vörurnar hafi verið „manufactured in the EEC" en ekki að þær séu „...of EEA preferential origin", verði að líta til þess að yfirlýsingarnar hafi verið gefnar af ítölskum framleiðanda vörunnar sem hafi, eftir að hafa verið bent á villu í framsetningu yfirlýsinganna, fúslega leiðrétt þær án tafar. Fullur vilji hafi staðið til að haga yfirlýsingunum til samræmis við IV. viðauka við bókun 4 við EES samninginn. Mistök voru hins vegar gerð við framsetningu textans sökum tungumálaörðugleika og vanþekkingar á nákvæmu orðalagi viðaukans.

Kærandi telur því að gögnum og upplýsingum sem látin voru í té við tollafgreiðslu hafi ekki verið áfátt og að tollstjóri hafi byggt á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda þegar við innflutning. Með vísan til alls framangreinds er þess krafist að ríkistollanefnd felli úr gildi hina kærðu úrskurði.

Ríkistollanefnd hefur kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Í máli þessu er deilt um hvort upprunayfirlýsingar vegna innflutnings á nánar tilteknum 20 vörusendingum hafi uppfyllt skilyrði þau sem upp eru talin í IV. viðauka við bókun 4 við EES samninginn. Tollstjóri breytir tollflokkun á nokkrum vörutegundum og gerir kærandi ekki athugasemdir við þær breytingar. Kærandi telur að þrátt fyrir smávægilega hnökra í orðalagi í upprunayfirlýsingum hafi öllum skilyrðum verið fullnægt. Þá telur hann að ekki hafi verið skilyrði til endurákvörðunar samkvæmt 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Tollstjóri telur að upprunayfirlýsingar á vörureikningum, sem lagðir voru fram með fyrrgreindum sendingum hafi ekki verið gildar og af því leiði að skjöl þau sem lögð voru fram við tollafgreiðslu varanna hafi verið áfátt, og því hafi tollstjóra verið heimilt að endurákværða aðflutningsgjöld fyrrgreindra sendinga sex ár aftur í tímann, sbr. 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Þá mótmælir kærandi kröfu tollstjóra um dráttarvexti. Eins og fram hefur komið er ekki ágreiningur um breytingar á tollflokkun vörunnar sem tollstjóri gerir. Ríkistollanefnd telur því ekki ástæðu til að fjalla um tollflokkun vörunnar.

Kærandi telur að 5. mgr. 99. gr. tollalaga eigi ekki við í þessu máli. Hann telur að 2. mgr. 99. gr. eigi við um innflutninginn þar sem framvísuð gögn hafi verið fullnægjandi og því sé tollstjóri bundinn af endurákvörðun innan 60 daga. Nefndarmenn eru ekki sammála þessari skoðun kæranda. Í hinum kærðu úrskurðum tollstjóra segir að þeir byggi á 1. mgr. og 1. tl. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Sendingar þær sem hér eru til umfjöllunar voru allar afgreiddar í ET tollafgreiðslu (Einfaldari tollafgreiðslu). ET tollafgreiðsla er forveri SMT tollafgreiðslu og gildir 60 daga frestur skv. 2. mgr. 99. gr. til endurákvörðunar því ekki um hana. Jafnframt taka nefndarmenn undir með tollstjóra að gögn þau sem innflytjandi lagði til grundvallar tollafgreiðslu sendinga þeirra sem hér eru til umfjöllunar voru ófullnægjandi. Í 20. gr. bókunar 4. við EES samninginn kemur fram að útflytjanda sé heimilt að gefa yfirlýsingu á vörureikningi til sönnunar um uppruna vöru. Í IV. viðbæti við bókun 4 við EES samninginn er kveðið á um orðalag þessarar yfirlýsingar. Hún skal vera eftirfarandi: "Útflytjandi framleiðsluvara sem skjal þetta tekur til (leyfi tollyfirvalda nr...(1)), lýsir því yfir að vörunnar séu, ef annars er ekki greinilega getið, af... fríðindauppruna."

Ensk þýðing: "The exporter of the products covered by this document (customs authorization No ... (1)) declares that, except where otherwise clearly indicated, these products are of ... (2) preferential origin."

Í yfirlýsingum hins erlenda **seljanda** vörunnar á vörureikningum sem fjallað er um í þeim 20 sendingum sem endurákvörðunin tekur til segir að varan sé "manufactured origin" í stað "preferential origin". Að mati nefndarmanna er hér um grundvallarmun að ræða. Það að vara sé "manufactured origin" segir einfaldlega að varan sé framleidd á EES svæðinu. En ekki að varan sé upprunavara "preferential origin."

Í svari ítalskra tollyfirvalda, dags. 17. des. 2003, við fyrirspurn íslenskra tollyfirvalda dags. 20. sept. 2002 kemur í ljós að hluti af þeim vörum sem eru taldar í þeim 20 vörusendingum sem endurákvörðunin tekur til uppfyllir ekki skilyrði til fríðindameðferðar. Orðrétt segir í bréfinu:

1. "Floridana Orange Juice, Pink Grapefruit Juice, Orange Juice and Pineapple Juice, HS Code No. 2009, couldn't be qualified for the preferential treatment under EES-Island Agreement;
2. Apple Juice, HS Code 2009, met the origin criteria for preferential treatment;
3. All other products listed on the invoices in question, had to be classified on HS Code No. 2202, and met the origin criteria for preferential treatment."

Ljóst er að innflytjandi ber ábyrgð á að þær upplýsingar sem fram koma í tollskjöllum séu réttar. Við skoðun ítalskra tollyfirvalda hefur komið í ljós að hluti af þeim vörum sem tollstjóri hefur nú endurákværðað gjöld af uppfylla ekki reglur um uppruna, sbr. 8. gr. EES-samningsins og bókunar 4 við hann. Seljendur vörunnar gáfu út yfirlýsingu, dags. 20. júní 2005, þar sem þeir staðfesta að tiltekna vörur á reikningum þeim sem endurákvörðunin tekur til séu upprunavörur "preferential origin". Í 20. gr. bókunar 4 við EES, lið 3 segir: "Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í útflutningslandinu, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara og að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt." Seljendur voru þeirrar sem hér er verið að fjalla um hafa ekki sannað uppruna vörunnar skv. bókun 4. við EES samninginn.

Af hálfu tollstjóra hefur engin skýring verið gefin á þeim mikla drætti sem varð á málinu frá því tollstjóri óskaði eftir upplýsingum frá ítölskum yfirvöldum í sept. 2002 uns hann sendi kæranda bréf þann 11. maí 2005 um fyrirhugaða endurákvörðun.

Að mati ríkistollanefndar hefur tollstjóri ekki gætt nægilega ákvæða stjórnarsýslulaga. Þá er það álit nefndarmanna að tollstjóri hefði þegar í september 2002 átt að upplýsa innflytjanda um að innflutningurinn væri í skoðun og fyrirspurn hvað varðar uppruna vörunnar hafi verið send ítölskum töllyfirvöldum. Það er ekki fyrir en með bréfi þann 11. maí 2005 sem tollstjóri tilkynnir innflytjanda um hugsanlega endurákvörðun gjalda af innflutningnum. Nefndarmenn átella þennan langa aðdraganda málsins. Á hinn bóginn hefur kærandi ekki sýnt fram á að þessi dráttur hafi valdið réttarspjöllum fyrir hann, enda þótt hann tiltaki að vegna hins langa tíma hafi hinn erlendi aðili ekki getað upplýst málið ýmist vegna þess að gögn voru ekki til staðar eða nýir aðilar komnir að fyrirtækjunum. Þetta breytir engu um lagaskyldu aðila til að geyma gögn sem sanni uppruna vöru í tiltekinn tíma og vera tilbúnir að framvísa þeim.

Ríkistollanefnd getur tekið undir með kæranda um óskýrðan drátt á málinu og síðan skamman frest af hálfu tollstjóra. Rétt er hins vegar að benda á að tollstjóri útilokaði ekki endurupptöku málsins á grundvelli nýrra gagna og endurupptók báða úrskurðina með bréfi þann 8. júlí 2005 vegna nýs gagns. Þá er það líka staðreynd að frá 11. maí 2005 og þar til að málið var kært til ríkistollanefndar hefur kærandi ekki framvísað gögnum sem sanni að um upprunavöru sé að ræða. Að lokum er rétt að taka fram að miðað við upplýsingar ítalskra töllyfirvalda hefði varan aldrei í heild sinni getað talist upprunavara.

Ríkistollanefnd gerir ekki athugasemdir við vaxtaútreikning tollstjóra í úrskurðunum.

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 (áður 1. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987) staðfestir ríkistollanefnd hina kærðu úrskurði tollstjóra sem kveðnir voru upp 1. og 20. júní 2005, og sem voru enduruppteknir með bréfi þann 8. júlí 2005 og staðfestir þann 4. október 2005.